

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1505

frá 22. febrúar 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 um að ákvarða fjárhæð eftirlitsgjalda sem aðaleftirlitsaðili innheimtir af mikilvægum þriðju aðilum sem veita upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu og með hvaða hætti þau gjöld skulu greidd

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011 ⁽¹⁾ og einkum 2. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Koma ætti á árlegu eftirlitsgjaldi til að standa straum af öllum nauðsynlegum útgjöldum aðaleftirlitsaðilans og annarra evrópskra eftirlitsstofnana þegar þær sinna verkefnum á sviði eftirlits í tengslum við reglugerð (ESB) 2022/2554. Árlega eftirlitsgjaldið ætti einnig að ná yfir áætlaðan kostnað lögbærra yfirvalda sem evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa úthlutað verkefnum til.
- 2) Í samræmi við meginregluna um árlegt uppgjör og meginregluna um fulla endurheimt kostnaðar ætti að reikna út árleg eftirlitsgjöld á grundvelli beins og óbeins kostnaðar sem Evrópsku eftirlitsstofnanirnar áætla að því er varðar eftirlitsverkefni þeirra. Breyta ætti árlegum eftirlitsgjöldum á hverju ári til að mæta áætluðum kostnaði.
- 3) Til að tryggja sanngjarna úthlutun eftirlitsgjalda, sem á sama tíma endurspeglar raunverulegu stjórnsýsluvinnuna sem varið er til eftirlits með sérhverjum þjónustuveitanda, ætti árlega eftirlitsgjaldið að vera í réttu hlutfalli við veltu þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu í Sambandinu vegna veitingar á upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu til viðskiptavina á sviði fjármálþjónustu.
- 4) Til að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga sem nauðsynlegar eru til að reikna út viðeigandi veltu skulu allar tölur, sem þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu leggur fram, vera endurskoðaðar. Að teknu tilliti til þess að upplýsingar um viðeigandi veltu eru nauðsynlegar fyrir aðaleftirlitsaðilann til að ákvarða fjárhæð eftirlitsgjaldsins sem lagt verður árlega á hvern mikilvægan þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu til að standa straum af kostnaði við eftirlitið ætti aðaleftirlitsaðilinn að taka tillit til tekna viðkomandi þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu á heimsvísu, án tillits til tegunda viðskiptavina, í þeim tilvikum þar sem mikilvægi þriðji aðilinn sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu veitir ekki sérsniðnar upplýsingar um tekjur í Sambandinu af veitingu upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu til aðila á fjármálamarkaði.
- 5) Árlegt lágmarkseftirlitsgjald ætti einnig að leggja á hvern mikilvægan þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu þar sem tiltekinn fastur stjórnsýslukostnaður á við um eftirlit með öllum mikilvægum þriðju aðilum sem veita upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu, án tillits til veltufjárhæðarinnar.
- 6) Til að taka tillit til sértæks kostnaðar sem fellur til á fyrsta ári útnefningar og eftirlits með mikilvægum þriðju aðilum sem veita upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu, m.a. í tengslum við útnefningarferlið og ráðningu aðaleftirlitsaðilans, ætti að koma á föstu gjaldi. Til að endurspeglar kostnaðinn vegna eftirlitsins í kjölfar útnefningarinnar á hverjum mikilvæga þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu ætti að aðlaga þetta gjald að þeim tíma á þessu fyrsta ári sem mikilvægi þriðji aðilinn sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatæknipjónustu er útnefndur. Það ætti að koma í stað árlega eftirlitsgjaldsins fyrir það ár.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2554/oj>

- 7) Til að standa straum af viðbótarkostnaði í tengslum við útnefningu mikilvægra þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem leggja að eigin frumkvæði fram beiðni um að verða útnefndir sem mikilvægir í samræmi við 11. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 ætti að koma á föstu viðbótargjaldi. Til að koma í veg fyrir tilhæfulausar beiðnir ætti hvorki að endurgreiða slíkt viðbótargjald ef þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu afturkallar beiðni sína á skráningartímabilinu né ef beiðninni er hafnað.
- 8) Til að tryggja tímanlega greiðslu eftirlitsgjalda ætti að greiða þau innan 30 daga frá útgáfudegi greiðslukröfu aðaleftirlitsaðilans. Til að einfalda greiðsluflæði gjalda, og til að tryggja að evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafi nauðsynlegt fjármagn til að stunda fyrirhugaða eftirlitsstarfsemi sína, ætti að greiða árleg eftirlitsgjöld í einni greiðslu á fyrstu fjórum mánuðum almanaksársins þegar slík gjöld mikilvægra þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu, sem falla undir eftirlitsaðgerðir þann 1. janúar þess árs eru á gjalddaga eða, ef um er að ræða mikilvæga þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem útnefndir eru á því ári, eigi síðar en fyrir lok þess árs.
- 9) Stilla ætti öll álögð gjöld á stig sem kemur í veg fyrir halla en forðast um leið verulega uppsöfnun tekna umfram gjöld. Ef um er að ræða endurtekinn umtalsverðan halla eða afgang ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða fjárhæð þóknana,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Mat á útgjöldum aðaleftirlitsaðilanna er þeir sinna eftirlitskyldum sínum

1. Aðaleftirlitsaðilinn og hinar evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu á hverju ári áætla árlegan heildarkostnað sem vænst er að stofnað verði til við eftirlitsskyldustörf þeirra. Áætluð fjárhæð árlegs heildarkostnaðar er grundvöllur ákvörðunar á heildarfjárhæð álagðra eftirlitsgjalda.
2. Við áætlun á árlegum heildarkostnaði skal aðaleftirlitsaðilinn taka tillit til eftirfarandi beins og óbeins kostnaðar:
 - a) kostnaður sem tengist útnefningu á mikilvægum þriðju aðilum sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu,
 - b) kostnaður sem tengist skipun aðaleftirlitsaðila,
 - c) kostnaður sem tengist raunverulegu eftirliti með mikilvægum þriðju aðilum sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu, þ.m.t. eftirfarandi:
 - i. kostnaður sem tengist verkunum sem sameiginlegi skoðunarhópurinn framkvæmir,
 - ii. kostnaður vegna ráðgjafar óháðra sérfræðinga,
 - d) kostnaður sem tengist eftirfylgni tilmæla aðaleftirlitsaðilans í samræmi við d-lið 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554,
 - e) kostnaður sem tengist stjórnun eftirlitsrammans.

2. gr.

Viðeigandi velta mikilvægra þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu fyrir útreikning á eftirlitsgjöldum

1. Að því er varðar 3. gr. er velta mikilvægs þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu tekjur hans í Sambandinu af veitingu upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem talin er upp í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem samþykktir eru skv. 9. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2022/2554 og veitt er aðilum á fjármálamarkaði sem taldir eru upp í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2022/2554.
2. Mikilvægir þriðju aðilar sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu skulu afhenda aðaleftirlitsaðilanum árlega á ári n-1 endurskoðaðar tölur um veltuna sem um getur í 1. mgr. á ári n-2. Mikilvægir þriðju aðilar sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu skulu afhenda aðaleftirlitsaðilanum þessar tölur fyrir 31. desember á hverju ári.

3. Ef mikilvægur þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu afhendir ekki aðaleftirlitsaðilanum endurskoðaðar tölur fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. sem takmarkast við eða innihalda allar tekjur af veitingu þjónustu til aðila á fjármálamarkaði sem taldir eru upp í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 skal aðaleftirlitsaðilinn taka til greina veltuna í Sambandinu sem stafar af veitingu upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem talin er upp í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem samþykktir eru skv. 9. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 án tillits til tegunda viðskiptavina mikilvæga þriðja aðilans sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu.

Ef mikilvægur þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu afhendir ekki aðaleftirlitsaðilanum endurskoðaðar tölur fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. sem takmarkast við eða innihalda allar tekjur í Sambandinu af veitingu upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem um getur í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem samþykktir voru skv. 9. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 skal aðaleftirlitsaðilinn taka til greina veltu á heimsvísu sem stafar af veitingu þessarar upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu.

Ef mikilvægur þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu afhendir ekki aðaleftirlitsaðilanum endurskoðaðar tölur fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. sem takmarkast við eða innihalda allar tekjur af veitingu þjónustu til aðila á fjármálamarkaði sem taldir eru upp í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 og veitir aðaleftirlitsaðilanum endurskoðaðar tölur fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. sem takmarkast við tekjur hans í Sambandinu, skal aðaleftirlitsaðilinn taka til greina veltu á heimsmarkaði þrátt fyrir tegund viðskiptavinar mikilvæga þriðja aðilans sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu.

4. Ef mikilvægir þriðju aðilar sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu gefa tekjurnar upp í öðrum gjaldmiðli en evrum skal aðaleftirlitsaðilinn umreikna þessar tekjur yfir í evrum með því að nota meðalgengi evru sem gildir á því tímabili sem tekjurnar voru skráðar, eins og Seðlabanki Evrópu birtir það.

3. gr.

Útreikningur á eftirlitsgjöldum

1. Að því er varðar sérhverja mikilvæga upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu þriðja aðila er árlegt eftirlitsgjald hvers árs (n) áætlaður árlegur heildarkostnaður sem um getur í 1. mgr. leiðréttur með reiknistuðli veltu sem um getur í 2. mgr. á grundvelli viðeigandi veltu ársins n-2.

2. Að því er varðar sérhvern mikilvægan þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu er reiknistuðull veltu á grundvelli viðeigandi veltu sem um getur í 2. gr. og skal reikna hann sem hér segir:

$$\text{Reiknistuðull veltu á ári (n)} = \frac{\text{viðeigandi velta viðkomandi mikilvægs þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu á ári (n - 2)}}{\text{viðeigandi velta allra mikilvægra þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu á ári (n - 2)}}$$

3. Mikilvægur þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu skal undir engum kringumstæðum greiða lægra árlegt eftirlitsgjald en 50 000 evrur.

4. gr.

Eftirlitsgjöld á ári útnefningar og beiðna um valfrjálsa þátttöku

1. Þrátt fyrir 3. gr. skulu eftirlitsgjöldin, að því er varðar fyrstu birtu skrána yfir útnefnda mikilvæga þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu í samræmi við 9. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554, skiptast jafnt á milli útnefndu mikilvægu þriðju aðilanna sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu. Gjaldið sem skal leggja á sérhvern mikilvægan þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu skal reiknað út með því að deila heildartölu áætlaðra útgjalda aðal- eftirlitsaðilanna með fjölda útnefndra mikilvægra þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. og 1. mgr. hér að ofan skal þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu, að því er varðar fyrsta árið sem hann er útnefndur sem mikilvægur, greiða fast eftirlitsgjald sem er jafnt fjárhæðinni sem sérhver þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu greiðir skv. 1. mgr. Ef tímabil eftirlitsstarfsemi þessa mikilvæga þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu samsvarar ekki heilu ári skal það eftirlitsgjald vera jafnt fjárhæðinni sem sérhver þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu greiðir skv. 1. mgr. margfaldað með fjölda almanaksdaga frá útnefningu þess þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem mikilvægur til loka þess árs og deilt með fjölda daga þess árs.
3. Ef þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu óskar eftir því að verða útnefndur sem mikilvægur í samræmi við 11. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 skal hann greiða fast gjald sem er 50 000 evrur. Viðtakandi evrópsk eftirlitsstofnun skal ekki endurgreiða það fasta gjald ef beiðni um að hljóta útnefningu sem mikilvægur er synjað eða hún afturkölluð af þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu.

5. gr.

Greiðsla eftirlitsgjalda

1. Mikilvægur þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu skal greiða eftirlitsgjöldin sem um getur í 43. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 árlega til aðaleftirlitsaðilans.
2. Öll eftirlitsgjöld skulu reikningsfærð og greidd í evrum. Samkvæmt greiðsluskilmálum greiðslukrafna vegna eftirlitsgjalda skal greiðslufrestur vera minnst 30 dagar.
3. Öll eftirlitsgjöld skulu greidd á grundvelli einnar afborgunar. Mikilvægir þriðju aðilar sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem falla undir eftirlitsstarfsemi þann 1. janúar á tilteknu ári skulu greiða greiðslukröfuna eigi síðar en 30. apríl þess árs. Mikilvægir þriðju aðilar sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem útnefndir eru á árinu skulu greiða gjaldið sem um getur í 4. gr. í einni greiðslu eigi síðar en 31. desember þess árs.
4. Allur greiðsludráttur skal bera þá vanskilavexti sem mælt er fyrir um í 99. gr. reglugerðar (ESB, KBE) 2018/1046.

6. gr.

Samskipti á milli aðaleftirlitsaðila og mikilvægra þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu

Að því er varðar þessa reglugerð skulu öll samskipti á milli evrópskra eftirlitsstofnana og mikilvægra þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu fara fram með rafrænum hætti.

7. gr.

Gildistaka og framkvæmdardagsetning

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. febrúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.